

2199. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn mánudaginn 18. desember 2017 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslason, Magnús Gylfason, Ingvar Guðjónsson, Jakob Skúlason, Kristinn Jakobsson, Magnús Ásgrímsson, Ragnhildur Skúladóttir, Rúnar V. Arnarson, Tómas Þóroddsson og Vignir Már Þormóðsson.

Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Borghildur Sigurðardóttir, Jóhann Torfason og Jóhannes Ólafsson.

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar.
 - Dómaranefnd KSÍ 23. október 2017
 - Landsliðsnefnd kvenna 15. september 2017
3. Niðurstöður starfshóps um lagabreytingar
 - Gísli Gíslason formaður starfshópsins upplýsti stjórn um að tillögur starfshópsins hafi verið sendar til ÍSí. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.
4. Reglugerðarbreytingar
 - Gísli Gíslason formaður laga-og leikreglanefndar kynnti tillögur um breytingar á:
 - a. reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla
 - b. reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvangaStjórn samþykkti tillögurnar.

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla.

Tillaga að breytingu á grein 2.6.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**. Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

2. FYRIRKOMULAG KEPPNINNAR

2.1 Leikið er í þremur deildum A, B og C, eftir styrkleika liða. Keppnin skiptist í undankeppni (riðlakeppni) og úrslitakeppni (útsláttarkeppni). Tryggja skal þátttökuliðum að minnsta kosti 5 leiki í undankeppni ef unnt er.

2.2 Heimilt er að taka tillit til landshluta við skiptingu í riðla.

2.3 Við niðurröðun í undankeppni er ekki skylt að fylgja hefðbundinni fastri töfluröð.

2.4 Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma í úrslitakeppnum mótsins, skal fara fram vítaspyrnukeppni til að úrskurða um sigurvegara.

2.5 Í undankeppni A-deildar skal 24 liðum skipt í 4 riðla, R1, R2, R3 og R4. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þátttökulið dregin í riðla eftir styrkleika.

Keppnin er stigakeppni og 2 efstu lið í hverjum riðli vinna sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, alls 8 lið.

~~2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 8 lið og skal leikið skv. útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik.~~

~~8 liða úrslit: L1: 1R1—2R2 L2: 1R2—2R3 L3: 1R3—2R4 L4: 1R4—2R1~~

~~Undanúrslit: L5: SL1—SL3 L6: SL2—SL4~~

~~Úrslitaleikur: L7: SL5—SL6~~

~~Í undanúrslitum og 8 liða úrslitum skal leikið á heimavelli þess liðs sem talið er upp á undan.~~

~~Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.~~

2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 4 lið; 1R1, 1R2, 1R3 og 1R4.

Í undanúrslitum mætast: 1R1—1R3 og 1R2—1R4 og skal leikið á heimavelli þess félags sem er með betri árangur í riðlakeppni mótsins.

Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

2.7 Í undankeppni B-deildar skal 24 liðum skipt í 4 riðla, R1, R2, R3 og R4. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þátttökulið dregin í riðla eftir styrkleika.

Keppnin er stigakeppni og efsta lið í hverjum riðli vinnur sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni B deildar, alls 4 lið. 2.8 í úrslitakeppni B-deildar taka þátt 4 lið; 1R1, 1R2, 1R3 og 1R4, sem leika til undanúrslita skv. ákvörðun mótanefndar. Sigurvegarar í undanúrslitum leika síðan til úrslita í B-deild. 2.9 í undankeppni C-deildar skal liðum skipt í riðla eftir þátttöku. Hver riðill skal skipaður 5 – 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þátttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Keppnin er stigakeppni. 2.10 Leikið skal til úrslita í C-deild samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

Mótanefnd KSÍ

Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.

Tillaga að breytingu á grein 8.4.3.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**. Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Ákvæði 8.4.3 sem hljóðar nú svo:

8.4.3 Knattspyrnugras skal uppfylla gildandi FIFA staðla þegar völlurinn er byggður. Leggja skal fram skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu eða aðila sem KSÍ viðurkennir, vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B og C flokki, sem staðfestir að grasið uppfylli gerðar kröfur. ~~Prófanir mega ekki vera eldri en 24 mánaða miðað við 1. maí ár hvert.~~

breytist svo:

8.4.3 Knattspyrnugras skal uppfylla gildandi FIFA staðla þegar völlurinn er byggður. Leggja skal fram skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu eða aðila sem KSÍ viðurkennir, vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B og C flokki, sem staðfestir að grasið uppfylli gerðar kröfur. *Reglubundnar prófanir skulu fara fram í samræmi við ákvæði FIFA staðlanna. KSÍ getur krafist þess að prófanir, að öllu leyti eða hluta, fari fram oftast ef ástæða þykir að mati KSÍ. KSÍ getur þó ekki krafist að prófanir verði gerðar oftast en á árs fresti.*

Skýringar:

Eins og fram kemur í Gæðaáætlun FIFA fyrir knattspyrnugras er miðað við að bæði FIFA Quality Pro og FIFA Quality gildi fyrir keppnisvelli. UEFA gerir hins vegar þá kröfu að leikir á þeirra vegum fari fram á völlum sem uppfylla FIFA quality Pro. Munurinn er sá að FIFA Quality Pro er ætlaður fyrir Professional games og minni notkun (<20 klst/viku) en FIFA Quality er ætlaður fyrir velli með mikla notkun (40 – 60 klst/viku). Reglubundnar prófanir skulu fara fram á árs fresti fyrir FIFA Quality Pro en á þriggja ára fresti fyrir FIFA Quality samkvæmt stöðlunum.

Hér er gerð tillaga um að KSÍ geti krafist þess að sýnt verði fram á að vellir standist gerðar kröfur oftast en FIFA staðlarnir segja til um ef ástæða þykir, en þó ekki oftast en á árs fresti.

Mannvirkjanefnd KSÍ

5. Samningar við bakhjarla KSÍ

- Guðni Bergsson formaður KSÍ kynnti stöðu samningsviðræðna við bakhjarla KSÍ.

6. Ársþing KSÍ

- Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir undirbúning ársþings sem fram fer 10. febrúar næstkomandi í Reykjavík. Stefnt er að því að vera með ráðstefnu um knattspyrnuleg málefni í tengslum við þingið og jafnvel kynningu á þeirri stefnumótunarvinnuna sem er í gangi. Jakob Skúlason lagði til að halda fundi með einstökum deildum eins og gert var á árum áður og tók stjórn vel í þá tillögu.

7. Málefni Laugardalsvallar

- Guðni Bergsson formaður KSÍ upplýsti stjórn um stöðu mála varðandi Laugardalsvöll.

8. Málefni landsliða

- Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ fór nýjar upplýsingar um miðamál ofl. vegna HM
- Lögð fram og samþykkt tillaga um endurskoðað fyrirkomulag á árangurstengdum greiðslum (stigabónus) til leikmanna A landsliðanna vegna leikja í undankeppnum stórmóta. Upphæðir

sem greiddar eru til leikmanna fyrir áunnin stig í undankeppnum stórmóta verða þær sömu óháð því hvort lið sé um að ræða. Stjórn samþykkti ennfremur að ef A kvenna komist í úrslitakeppni HM verði greiðsla til leikmanna af greiðslum frá FIFA sama hlutfall og það sem A karla fær fyrir að komast í lokakeppni HM.

- Guðni Bergsson, formaður KSÍ kynnti stjórn framgang viðræðna við leikmenn A landsliðs karla um árangurstengdar greiðslur vegna úrslitakeppni HM í Rússlandi.

9. Mótamál

- Vignir Már Þormóðsson formaður mótanefndar fór yfir mótamál sambandsins. Rætt um futsal og Lengjubikarinn. Drög að niðurröðun í Pepsi-deild karla er tilbúin og drög í öðrum landsdeildum verða tilbúin á næstu dögum.

10. Dómaramál

- Kristinn Jakobsson formaður dómaranefnd fór yfir undirbúning dómara fyrir næsta tímabil. Ennfremur ræddi Kristinn um ferð dómara til Saudi-Arabíu sem gekk vel og um hæfileikamótun dómara. Þá kynnti Kristinn hugmynd um æfingaferð dómara til útlanda næsta vor.

11. Önnur mál

- Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ upplýsti stjórn um stöðu mála í stefnumótunarvinnu með Expectus.
- Bók Sigmundar Steinarssonar um Sögu kvinnaknattspyrnunnar kemur út á næstu dögum.
- Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ kynnti stjórn niðurstöðu úr leikmannavali KSÍ 2017.
- Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ kynnti stjórn erindi frá Tólfunni vegna HM en Tólfan óskar eftir fjárstuðningi frá KSÍ vegna HM. Ákveðið að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar.
- Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ greindi stjórn frá FIFA fundi í Hong Kong sem hún sótti fyrir hönd KSÍ. Þar var m.a. rætt um hugmyndir um breytt fyrirkomulag HM yngri landsliða og nýja alþjóðlega keppni A landsliða kvenna.
- Guðni Bergsson, formaður KSÍ kynnti sátt KSÍ og Samkeppniseftirlitsins.
- Guðni Bergsson, formaður KSÍ kynnti erindi sem honum barst frá Jóhanni Sigmarssyni listamanni sem hefur áhuga á að gera höggmyndir af íslenska karlalandsliðinu.
- Rúnar V. Arnarson ræddi um ferðakostnað aðildarfélaga og aukin verkefni yngri landsliða. Þá brýndi Rúnar stjórn í því að gera átak í heimsóknum til aðildarfélaga.
- Vignir Már Þormóðsson upplýsti stjórn um fund útbreiðslunefndar og tillögu nefndarinnar um að farið verði í sérstakt átaksverkefni í tengslum við HM.
- Magnús Ásgrímsson lagði fram fyrirspurn um ÍSÍ samninga við Flugfélag Íslands. Framkvæmdastjóri KSÍ upplýsti að hún hefði verið í sambandi við ÍSÍ og nýr samningur væri í vinnslu. Magnús spurði ennfremur um umhverfisstefnu KSÍ.
- Stjórn samþykkt að veita Víði Sigurðssyni gullmerki KSÍ í tengslum við útgáfu bókar hans, Íslensk knattspyrna.
- Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 9. janúar 2017.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 18:30.